Hönnunarmiðstöð Íslands

# Framvinduskýrsla ársins 2008
# Aðgerða- og fjárhagsáætlun ársins 2009

## Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Inngangur | 3 |
| Yfirlit 2008 | |
| Verkefni sem tengjast stofnun Hönnunarmiðstöðvar | 4 |
| Föst verkefni | 5 |
| Önnur verkefni 2008 | 6 |
| Húsnæðismál | 9 |
| Starfsmannamál | 9 |
| Verkefnaáætlun 2009 | 10 |
| Yfirlitsmynd yfir verkefni 2008-2009 | 13 |
| Fjármál | |
| Uppgjör 2008 og áætlun 2009 | 14 |
| Fylgiskjöl 1 - 5 | |
| Hlutverk Hönnunarmiðstöðvar | 15 |
| Greining á húsnæðisþörf Hönnunarmiðstöðvar | 16 |
| Drög að dagskrá Hönnunardaga 2009 | 18 |
| Kynningarefni Hönnunarmniðstöðvar | 19 |
| Fréttabréf 2008 | 20 |



Frekari upplýsingar veita
Þórey Vilhjálmsdóttir | thorey@honnunarmidstod.is
og Halla Helgadóttir | halla@honnunarmidstod.is




## Inngangur

Stofnun Hönnunarmiðstöðvar Íslands var tekið fagnandi í vor, samanber mikla athygli allra helstu fjölmiðla á Íslandi strax í upphafi. Einnig er mjög góð viðurkenning að í úttekt Fréttablaðsins í byrjun janúar 2009 var stofnun Hönnunarmiðstöðvar valin atburður ársins í hönnun á Íslandi. Íslensk hönnun var valin jólagjöf ársins 2008 en það má að nokkru rekja til þeirrar miklu athygli sem íslensk hönnun fékk á árinu.

Þjónustusamningur um rekstur hönnunarmiðstöðvar var undirritaður í Þjóðmenningarhúsinu föstudaginn 7. mars sl. af iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra og níu aðildarfélögum að Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. Ráðuneytin munu leggja alls 20 millj. kr. til rekstur miðstöðvarinnar á ári næstu þrjú ár. Tilgangur þess er að reka hönnunarmiðstöð sem hafi það hlutverk *„að vekja áhuga og auka skilning á mikilvægi góðrar hönnunar og arkitektúrs fyrir menningar- og efnahagslífið svo og þjóðfélagið allt“.*





Stofnendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands og fulltrúar þeirra í stjórn eru:

1. Arkitektafélag Íslands, Dennis Davíð Jóhannesson.
2. Fatahönnunarfélag Íslands, Gunnar Hilmarsson.
3. Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Hallgrímur Friðgeirsson.
4. Félag íslenskra gullsmiða, Haukur Valdimarsson.
5. Félag íslenskra landslagsarkitekta,Dagný Bjarnadóttir.
6. Félag Íslenskra teiknara, Haukur Már Hauksson.
7. Félag vöru- og iðnhönnuða, Egill Egilsson.
8. Leirlistafélag Íslands, Ragnheiður,Ingunn Ágústsdóttir.
9. Textílfélagið, Rósa Helgadóttir.

Stjórnin hittist annan hvern mánuð, en framkvæmdastjórn hittist mánaðarlega. Í framkvæmdastjórn sitja formaður stjórnar, Gunnar Hilmarsson og varaformaður stjórnar, Dennis Davíð Jóhannesson ásamt fulltrúa atvinnulífisins, Ingibjörgu Kristjánsdóttur, landslagsarkitekt.

Starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar hafa fundið fyrir miklum áhuga og velvild í garð miðstöðvarinnar og hafa verkefnin hrannast upp frá fyrsta degi. Gríðarlegur áhugi er á íslenskri hönnun, jafnt erlendis sem á Íslandi, og hefur þjónusta Hönnunarmiðstöðvar verið mikið notuð. Einnig hafa félagar í aðildarfélögum Hönnunarmiðstöðvarinnar tekið miðstöðinni fagnandi og nýtt sér þjónustu hennar á marga vegu.

Strax var farið í að skilgreina *hlutverk Hönnunarmiðstöðvar Íslands, fylgiskjal 1. bls. 15.* En frá fyrstu stundu hefur verið mjög mikið að gera í Hönnunarmiðstöðinni og verkefnin fjölbreytt eins og sjá má hér í skýrslunni. Eins og staðan er í dag ná tveir starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar fyrst og fremst að anna verkefnum hér innanlands. Erlend samskipti og útflutningur eru afar mikilvæg til að Íslendingar nái að nýju efnahagslegum stöðugleika. Til að auka útflutning á íslenskri hönnun þarf að vinna mikið og markvisst starf en það er varla mögulegt nema ráða starfsmann til að sinna því verkefni í fullu starfi.

Hönnunarmiðstöð Íslands tók við ýmsum verkefnum Forms Íslands sem var lagt niður í kjölfar stofnunar Hönnunarmiðstöðvar.

# Yfirlit 2008

Í þessum kafla er farið yfir árið 2008. Farið er yfir verkefni sem tengjast stofnun Hönnunarmiðstöðvar Íslands, föst verkefni, verkefni ársins 2008, húsnæðismál og starfsmannamál.

## Verkefni sem tengjast stofnun Hönnunarmiðstöðvar

Hönnunarmiðstöð var opnuð 1. apríl 2008 og hófst þá vinna við að festa miðstöðina í sessi og marka starf hennar. Hér eru talin upp verkefni sem tengjast sérstaklega stofnun Hönnunarmiðstöðvar.

*Hlutverk*

Strax í apríl var hafist handa við að skilgreina hlutverk Hönnunarmiðstöðvar og verksvið. *Sjá fylgiskjal 1 bls. 15.*

*Hönnunarmiðstöð kynnt samstarfsaðilum og aðildarfélögum*

Starfsfólk Hönnnarmiðstöðvar fór víða til að kynna starfsemina fyrir samstarfsaðilum, opinberum aðilum, einkaaðilum, háskólum og fagaðilum. Þeir aðilar sem Hönnnarmiðstöð hefur hafið samstarf við á árinu eru:

- Iðnaðarráðuneytið
- Menntamálaráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Útflutningsráð
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Reykjavíkurborg / Höfuðborgarstofa
- Akureyrarbær
- Keilir / Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
- Listaháskóli Íslands
- Klak / Háskólinn í Reykjavík
- Hönnunarsafn Íslands
- Listahátíð í Reykjavík
- Listasafn Reykjavíkur
- Listasafnið á Akureyri
- SÍM | Samband íslenskra myndlistarmanna
- Innovit
- Atvinnuþróunarsjóður Vestfjarða

*Kynningarefni Hönnunarmiðstöðvar*

Nýtt merki Hönnunarmiðstöðvar var kynnt í október og jafnframt var búið til kynningarefni á íslensku og ensku fyrir miðstöðina: Bæklingar, bréfsefni, nafnspjöld ofl. Sjá *fylgiskjal 4, bls. 19.*

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre



*Heimsókn til Dansk design center og Dansk arkitektur center*

Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar fór í heimsókn til Danmerkur í ágúst og heimsótti m.a. Dansk design center og Dansk arkitektur center og kom á sambandi við starfsfólk þessara fyrirtækja. Markmiðið er að heimsækja fleiri lönd, kynna starfsemi Hönnunarmiðstöðvar og kynnast sambærilegri starfsemi þar þegar tækifæri gefast.

## Föst verkefni Hönnunarmiðstöðvar
Hér er farið yfir það sem má telja til fastra verkefna.

*Föst verkefni eru:*
- Fyrirspurnir frá og samvinna við hönnuði
- Fyrirspurnir frá og samvinna við fyrirtæki og stofnanir
- Móttaka erlendra blaðamanna
- Uppsetning póstlista og fréttabréf
- Söfnun myndefnis frá hönnuðum
- Umsjón með vefsíðu
- Kynningarstarf miðað við íslenska fjölmiðla
- Sjónlistarverðlaun
- Rekstur Korpúlfsstaða
- Aðild að Myndstefi

### *Fyrirspurnir frá og samvinna við hönnuði*
Mikið hefur verið um fyrirspurnir frá hönnuðum um ýmis hagsmunamál, útflutning, framleiðslu, markaðs-setningu, erlendar sýningar, samstarfsaðila, styrki og fleira sem Hönnunarmiðstöð sinnir. Reynt er að leysa málin eins og kostur er.

### *Fyrirspurnir frá og samvinna við fyrirtæki og stofnanir*
Hönnunarmiðstöð fær margar fyrirspurnir frá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, sem vinna með eða hafa áhuga á samstarfi við hönnuði, og veitir ráðgjöf um samvinnu og samstarf við miðstöðina og hönnuði á ýmsum sviðum.

### *Móttaka erlendra blaðamanna*
Strax á fyrsta degi komu erlendir blaðamenn í Hönnunarmiðstöð. Starfsfólkið tók á móti rúmlega 50 blaðamönnum á árinu 2008 og kynnti þeim íslenska hönnun og arkitektúr. Þeir voru meðal annars frá Elle, MTV Kanada, Dwell, Sunday Telegraph, Sunday Times, Le Soir, Timeout, Daily Telegraph o. fl., auk fjölda franskra og þýskra blaðamanna. Sumar þessara heimsókna hafa verið fyrir meðalgöngu Ferðamálastofu eða Höfuðborgarstofu en aðrir höfðu samband beint.

### *Póstlisti og fréttabréf*
Settur var upp póstlisti með aðildarfélögum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og fleirum. Fréttabréf er sent einu sinni í mánuði til þeirra sem þar eru skráðir og oftar ef um sérstaka viðburði er að ræða á vegum Hönnunar-miðstöðvar eða tengdra aðila. Í *fylgiskjali 5, bls 20.* má sjá öll fréttabréf ársins.

### *Söfnun myndefnis frá hönnuðum*
Safnað hefur verið saman myndefni frá íslenskum hönnuðum til að nota í kynningarstarfi hérlendis og erlendis. Söfnun myndefnis fer fram reglulega til að alltaf séu í gagnagrunninum nýjustu verk íslenskra hönnuða. Í grunninum eru nú rúmlega 700 myndir.





*Umsjón með vefsíðu | honnunarmidstod.is*

Hönnunarmiðstöð erfði vefsíðu Hönnunarvettvangs. Vefsíðan  er mjög virk og nú þegar eiga um 150 hönnuðir og arkitektar skráða hönnunarþjónustu á síðunni. Síðan hefur verið þróuð áfram og settar eru inn nýjar fréttir daglega. Segja má að síðan sé eini miðlægi gagnagrunnurinn í hönnunarsamfélaginu. Heimsóknum á síðuna hefur fjölgað verulega á árinu sbr. upplýsingar frá google.com_analytics.




*Kynningarstarf miðað við íslenska fjölmiðla*

Starfsfólk Hönnunarmiðstövar á regluleg samskipti við alla helstu fjölmiðla á Íslandi varðandi ýmis verkefni miðstöðvarinnar. Einnig hafa starfsmenn farið í mörg viðtöl við innlenda og erlenda fjölmiðla og þannig vakið athygli á starfseminni.

*Sjónlistarverðlaun*

Hönnunarmiðstöð tók við af Formi Ísland í stjórn Sjónlistarverðlaunanna og skipar þar tvo fulltrúa í dómnefnd.

*Rekstur Korpúlfsstaða*

Hönnunarmiðstöð tók við af Formi Ísland og á nú tvo fulltrúa í stjórn Korpúlfsstaða ásamt fulltrúum frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Frá því að Hönnunarmiðstöð kom að stjórn Korpúlfsstaða hefur samstarfið verið afar gott.

KORPÚLFSSTAÐIR
SJÓNLISTAMIÐSTÖÐ

*Aðilar að Myndstefi*

Hönnunarmiðstöð er aðili að Myndstefi og á þar fulltrúa í stjórn og fulltrúa í úthlutunarnefnd styrkja. Aðild að Myndstefi veitir öllum félögum aðildarfélaganna níu aðgang að þjónustu og höfundarréttarvernd Myndstefs.

## Önnur verkefni ársins 2008

Hér verður farið yfir þau verkefni ársins 2008 sem heyra ekki undir föst verkefni eða verkefni sem tengdust stofnun Hönnunarmiðstöðvar.

*Önnur verkefni eru:*

- Valnefnd v/100% Design Tokyo
- Design from Scandinavia
- House of Scandinavian Design
- 8+8 stefnumót hönnuða og framleiðenda í Hafnarfirði
- Tallin Design Night
- Helsinki Design Week
- Borg í borg
- Merkjasamkeppni Hönnunarmiðstöðvar
- Ráðstefna „Hönnum framtíðina”
- Hönnun til Útflutnings
- Fyrirlestur Max Barenbourg
- Neisti, Björk
- bjartsyni.is
- Endurhönnun vefsíðu

*Valnefnd v/100% Design Tokyo*

Hönnunarmiðstöð kom að skipun fagráðs vegna þátttöku íslenskra hönnuða í hönnunarsýningunni „100% design Tokyo" í október en Útflutningsráð stóð fyrir ferð á sýninguna.

*Design from Scandinavia*

Hönnunarmiðstöð skrifaði tveggja opna kynningargrein um íslenska hönnun í blaðinu „Design from Scandinavia" sem er virt hönnunartímarit sem dreift er um heim allan í a.m.k. 35.000 eintökum. Í blaðinu er sérstakur kafli um hverja þjóð á Norðurlöndum og fjallað um hönnunarmiðstöðvar hverrar þeirra.




*House of Scandinavian Design*

Hönnunarmiðstöð aðstoðaði danskt fyrirtæki sem er að stofna verslun í Sjanghæ í Kína þar sem seld verður norræn hönnun. Hönnunarmiðstöð kom á sambandi milli fyrirtækisins og íslenskra hönnuða og hefur aðstoðað hönnuði vegna samningagerðar við fyrirtækið.




*8+8 stefnumót hönnuða og framleiðenda í Hafnarfirði*

Hönnunarmiðstöð kom að skipulagningu og framkvæmd verkefnisins 8+8 sem fólst í því að leiða saman framleiðslufyrirtæki í Hafnarfirði og hönnuði. Hafnarfjarðarbær var aðalstyrktaraðili verkefnisins í tilefni af 100 ára afmæli bæjarins og var haldin sýning á verkunum í september. Markmiðið með verkefninu var að hvetja til nýsköpunar og vekja athygli á mikilvægi hönnunar í slíkum fyrirtækjum.

*Tallin Design Night í september*

Hönnunarmiðstöð aðstoðaði tallinska sýningarstjóra við að komast í samband við íslenska hönnuði, en tólf íslenskum hönnuðum var boðið að taka þátt í verkefninu. Hönnunarmiðstöð sá um að koma sýningargripum til Tallin og Helsinki og aflaði til þess fjár. Einnig voru hönnuðirnir studdir til að komast á sýninguna.




*Helsinki Design Week í október*

Sama sýning tólf íslenskra hönnuða fór til Helsinki. Hönnunarmiðstöð tók þátt í að skipuleggja þátttöku íslensku hönnuðanna og koma henni í kring.

*Borg í borg í október*

Útflutningsráð stóð fyrir verkefni þar sem íslenskir hönnuðir heimsóttu belgíska hönnuði á hönnunarviku í Brussel. Markmiðið var að koma á kynnum hönnuða frá ýmsum borgum með samstarf í huga og að hvorir fengju aðgang að söluaðilum hinna.

*Merkjasamkeppni Hönnunarmiðstöðvar í október*

Hönnunarmiðstöð stóð fyrir samkeppni meðal grafískra hönnuða (FÍT) um nýtt merki miðstöðvarinnar. 180 tillögur bárust í keppnina og valdi dómnefnd merki sem kynnt var í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, 2. október þar sem sýndar voru allar tillögur sem bárust. Verðlaunin fyrir vinningstillöguna voru 500.000 krónur. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hélt ræðu og forsetafrúin Dorrit Moussaieff, verndari Hönnunarmiðstöðvar Íslands, afhenti verðlaunin. Á sama tíma var í Hafnarhúsinu haldin ráðstefna um merki og merkjahönnun sem var fjölsótt og afar vel heppnuð.





*Ráðstefnan „Hönnum framtíðina" í nóvember*

Í nóvember stóð Hönnunarmiðstöð fyrir ráðstefnunni „Hönnum framtíðina" í Iðnó þar sem rætt var um hvernig hönnuðir geta bætt hag sinn til framtíðar. Um 300 manns sóttu ráðstefnuna, mun fleiri en búist var við.







*Hönnun í útflutning*

Útflutningsráð og Hönnunarmiðstöð stendur fyrir hönnunarsamkeppni þar sem leidd eru saman fyrirtæki og hönnuðir með það að markmiði að hefja þróun á útflutningsvöru. Sjö fyrirtæki voru valin í samkeppnina og sendu hönnuðir alls 65 tillögur í keppnina sem er mjög góð þátttaka. Verkefninu lýkur í maí 2009 og verður árangurinn þá sýndur. Stefnt er að því að verkefnið verði árlegur viðburður.



*Fyrirlestur Max Barenbourg*

Í tengslum við verkefnið Hönnun í útflutning var hollenski hönnuðurinn Max Barenbourg, hönnuður Bugaboo barnavagnsins, fenginn til landsins til að halda fyrirlestur um hönnun og framleiðslu. Þetta var mjög vel sóttur fyrirlestur á Nordica í samstarfi við Útflutningsráð.



*Neisti, Björk | Íslensk gjöf*

Fulltrúar frá Hönnunarmiðstöð tóku þátt í starfi Bjarkar og Háskólans í Reykjavík og sátu í hópi sem einbeitti sér að stefnumótun í nýsköpun og tækifærum í hönnun. Einnig tók Hönnunarmiðstöð þátt í að láta útbúa vefviðmót fyrir „Íslenska gjöf"  fyrir síðust jól | www.nattura.info/islenskgjof/



*bjartsyni .is*

Fulltrúar frá Hönnunarmiðstöð tóku þátt í vinnu við vefinn bjartsýni.is þar sem safnað er saman sögum, hugmyndum og ábendingum um góðan árangur í atvinnulífinu, spennandi verkefni og vænlegar leiðir á komandi tímum.






*Endurhönnun vefsíðu*

Hönnunarmiðstöð erfði heimasíðu frá Hönnunarvettvangi. Ráðist var í endurhönnun á vefsíðunni og ákveðið að taka þar upp nýtt kerfi. Ný vefsíða mun birtast í lok janúar 2009. Mikil vinna hefur verið lögð í að endurgera síðuna, aðlaga hana nýjum þörfum og gera hana notendavænni.

## Húsnæðismál

Hönnunarmiðstöð var frá upphafi í bráðabirgðahúsnæði í Aðalstræti 16 sem leigt var af Handverki og hönnun. Þegar var hafist handa við að finna lausn á húsnæðismálunum til frambúðar.

*Siemsenshús, umsókn til Reykjavíkurborgar*

Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar hefur beitt sér fyrir því að fá Reykjavíkurborg til þess að aðstoða miðstöðina við að finna varanlega úrslausn á húsnæðismálunum. Send var ítarleg greining á þörfum Hönnunarmiðstöðvar fyrir húsnæði og gengið á fund þriggja borgarstjóra. Dagur B. Eggertsson gaf vilyrði fyrir því að Hönnunarmiðstöð fengi aðstöðu í Siemsenshúsi og Minjavernd tók vel í málið af sinni hálfu. Erindið hefur legið hjá Reykjavíkurborg síðan í apríl og gengur treglega að fá því svarað. Hanna Birna Kristjánsdóttir vísaði loks málinu í þann farveg að sótt verði um samstarfssamning hjá Reykjavíkurborg, á sviði Menningar- og ferðamálaráðs. Umsókn var lögð þar inn haustið 2008 en svör höfðu ekki enn borist þegar skýrsla þessi er skrifuð. Greining á húsnæðisþörf Hönnunarmiðstöðvar er í *fylgiskjali 2, bls. 16.*

*Hönnunarmiðstöð og Nýsköpunarmiðstöð*

Í nóvember var haft samband við iðnaðarráðuneytið sem hafði milligöngu um að Hönnunarmiðstöð fengi leigt hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands húsnæði í Austurstræti 16, þar sem það er hluti af Torginu frumkvöðlasetri. Arkitektar Hjördís & Dennis styrktu Hönnunarmiðstöðina með ráðgjöf og komu því til leiðar að ÁG húsgögn, Penninn, Epal og Prologus gáfu af miklum myndarskap og örlæti öll húsgögnin sem eru alíslensk hönnun. Húsnæðið hentar Hönnunarmiðstöð mjög vel en leigusamningur nær einungis til 1. september 2009 þar sem óvissa ríkir um hvort Nýsköpunarmiðstöð hefur húsnæðið til umráða eftir þann tíma.

*Varanleg lausn í húsnæðismálum*

Unnið er að því að fá Reykjavíkurborg til liðs við Hönnunarmiðstöð og stefnt er að því að með vorinu 2009 verði komin varanleg lausn á húsnæðismálunum.

## Starfsmannamál

Halla Helgadóttir var ráðin framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar og hóf störf 1. apríl. Kristín Gunnarsdóttir var ráðin starfsmaður Hönnunarmiðstöðvar um miðjan maí. Halla Helgadóttir fór í fæðingarorlof 1. desember og var staðgengill hennar, Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðinn 1. október og mun starfa til 1. september 2009 þegar Halla kemur aftur til starfa.

Frá fyrstu stundu hefur verið mjög mikið að gera í Hönnunarmiðstöðinni og verkefnin mjög fjölbreytt. Tveir starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar ná fyrst og fremst að anna verkefnum hér innanlands. Erlend samskipti hafa sjaldan verið mikilvægari en einmitt núna og útflutningur á íslenskum vörum er það sem getur tryggt að Íslendingar nái að nýju efnahagslegum stöðugleika. Til að auka útflutning á íslenskri hönnun þarf að vinna markvisst starf en til þess þarf að ráða starfsmann til að sinna því verkefni í fullu starfi.

**Hlutverk útflutningsfulltrúa Hönnunarmiðstöðvar**

Skipulag og framkvæmd þátttöku hönnuða á hönnunarsýningum erlendis
Samskipti við Hönnunarmiðstöðvar erlendis v/samlegðaráhrifa
Efla tengsl við erlenda umboðsaðila, smásala og dreifingaraðila
Umsjón með kynningu á íslenskri hönnun erlendis
Skipulagning og framkvæmd hönnunarsýninga erlendis
Samstarfsverkefni varðandi útflutning með Útflutningsráði, Utanríkisráðuneyti ofl. aðilum
Ráðgjöf v/fjármögnunar á útflutningsverkefnum

Til að bæta við starfsmanni og standa straum af þessari viðbót við starfsemina er ekki ekki fráleitt að reikna með að bæta þurfi kr. 10.000.000 við rástöfunarfé Hönnunarmiðstöðvar.

## Verkefnaáætlun 2009

Í þessum kafla verður farið yfir verkefni ársins 2009. Ekki eru endurtekin verkefnin sem talin eru til fastra verkefna Hönnunarmiðstöðvar.

- Hönnun í útflutning
- Borg í borg
- Vefsíða á ensku
- Stefnumótun Hönnunarmiðstöðvar
- Markaðssetning á hópi hönnuða með KLAK
- Orkustöðin – Hönnunarmiðstöð og Innovit
- Ráðgjöf v/hönnunarsýninga erlendis
- Hönnunarsýning á Listahátíð
- Expo 2010 í Sjanghæ – Samnorræn hönnunarsýning
- Expo 2010 í Sjanghæ – Samráðshópur v/þátttöku Íslands
- Hönnunardagar 2009
- Hönnunarsjóður Auroru
- Framhald á 8+8 verkefni með Nýsköpunarmiðstöð
- Fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar
- Samstarf við Keili
- Ráðleggingar um útflutning
- Sýningargluggi Hönnunarmiðstöðvar í Austurstræti
- Feneyjatvíæringurinn í arkitektúr
- Árlegur tískuviðburður í Reykjavík
- Undirbúningur útgáfu tímarits um hönnun og arkitektúr

*Hönnun í útflutning*

Sjá verkefni 2008. Haldið verður áfram með þetta verkefni í félagi við Útflutningsráð og það gert að árlegum viðburði.

*Borg í borg*

Sjá verkefni 2008. Haldið verður áfram með verkefnið í félagi við Útflutningsráð og næst stefnt að því að heimsækja Kaupmannahöfn.

*Vefsíða á ensku*

Efni vefsíðunnar hefur nær allt verið þýtt á ensku. Unnið er að því að setja upp enskan hluta vefsins sem er mjög mikilvægur vegna erlendrar kynningar og tengsla. Hann verður líklega opnaður í febrúar.

*Stefnumótun Hönnunarmiðstöðvar*

Í maí 2009 er ætlunin að vinna að stefnumótun Hönnunarmiðstöðvar, setja fram fyrir hana skýr, mælanleg markmið og móta framtíðarsýn fyrir íslenska hönnun. Capacent mun verða Hönnunarmiðstöð innan handar í stefnumótuninni.

*Markaðssetning á hópi hönnuða ásamt KLAK*

Í samstarfi við Klak nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins verður myndaður hópur hönnuða og markaðssettur undir einu merki. Klak heldur utan um verkefnið en með hönnuðunum vinna viðskipta- verk- og markaðsfræðingar. Verkefnið er hluti af samstarfi Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

*Orkustöðin | Hönnunarmiðstöð og Innovit*

Í janúar 2009 stofnuðu Hönnunarmiðstöð og Innovit Orkustöðina þar sem hönnuðir og viðskiptafræðingar verða leiddir saman á svokölluðum hraðstefnumótum. Stefnumótin verða þrjú á vorönn og þrjú á haustönn. Gríðarlegur áhugi er á verkefninu sem hefur það markmið að auka viðskiptaþekkingu í hönnunargeiranum.

*Ráðgjöf vegna hönnunarsýninga erlendis*

Hönnunarmiðstöð hefur sett á fót nefnd þar sem aðilar frá Félagi vöru- og iðnhönnuða, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta og Fatahönnunarfélagi Íslands eiga fulltrúa. Nefndin á að aðstoða Útflutningsráð við að velja þær sýningar sem íslenskir hönnuðir tækju þátt í.

*Hönnunarsýning á Listahátíð*

Hönnunarmiðstöð mun í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands og Listaháskóla íslands standa fyrir hönnunarsýningu á Listahátíð Reykjavíkur.

*Expo 2010 í Sjanghæ | Samnorræn hönnunarsýning*

Hönnunarmiðstöð tekur ásamt hönnunarmiðstöðvum annarra norrænna landa þátt í sameiginlegri hönnun-arsýningu sem haldin verður samhliða Expo 2010 í Sjanghæ. Norræna ráðherraráðið fjármagnar verkefnið að mestu leyti. Samráðshópur með fulltrúum frá hönnunarmiðstöðvum landanna hittist til að skipuleggja sýninguna, fyrst í Kaupmannahöfn í desember 2008 og síðan nokkrum sinnum á árinu 2009.

*Expo 2010 í Sjanghæ | Samráðshópur v/þátttöku Íslands*

Fulltrúi frá Hönnunarmiðstöð á sæti í samráðshópi vegna þátttöku Íslands á Expo 2010. Verkefninu er stýrt af utanríkisráðuneyti.

*Hönnunardagar 2009*

Stærsti og umfangsmesti viðburður ársins hjá Hönnunarmiðstöð verða Hönnunardagar 2009 sem haldnir verða

26. - 29. mars. Sérstakur verkefnisstjóri er ráðinn til þriggja mánaða til að halda utan um skipulag og framkvæmd verkefnisins. Öll aðildarfélög Hönnunarmiðstöðvar munu standa fyrir viðburðum á Hönnunardögum og lögð verður áhersla á þátttöku almennings og grasrótarstarf. Markmiðið er að vekja þessa daga svo um munar athygli á íslenskri hönnun og hönnuðum. Í *fylgiskjali 3, bls. 18* má sjá drög að dagskrá Hönnunardaga.

### *Hönnunarsjóður Auroru*

Sjóðurinn var stofnaður í febrúar og mun verða hönnunarsamfélaginu mjög til framdráttar. Sjóðurinn hefur það markmið að styrkja unga hönnuði til ýmissra verkefna, útlfutnings og markaðssetningar og úthluta 25 milljónum króna á ári. Sjóðurinn er stofnaður í samstarfi við Hönnunarmiðstöð og á Hönnunarmiðstöð fulltrúa í stjórn sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er ráðinn í 50% starf og mun til að byrja með hafa aðstöðu á skrifstofu Hönnunarmiðstöðvar til að efla samstarf og samlegðaráhrif.

### *Framhald á 8+8 verkefni með Nýsköpunarmiðstöð*

Verið er að móta samstarf Hönnunarmiðstöðvar og Nýsköpunarmiðstöðvar vegna verkefnisins 8+8 þar sem áhersla verður lögð á nýsköpun í íslenskum framleiðslufyrirtækjum með þátttöku hönnuða. Stefnt er að því að fá Samtök iðnaðarins að verkefninu og leggja áherslu á landsbyggðina. Stefnt er að því að hefja verkefnið á Vestfjörðum, Akureyri og í Reykjavík á árinu 2009. Árið 2010 verði það um allt land og jafnframt gert að árlegum viðburði. Þegar hefur verið samið um þátttöku Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Fyrirlestraröð
Hönnunarmiðstöðvar Íslands

### *Fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar*

Í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur verða á vegum Hönnunarmiðstöðvar fyrirlestrar tengdir hönnun og arkitektúr einu sinni í mánuði í Hafnarhúsinu yfir vetrartímann. Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn fimmtudaginn 15. janúar og sóttu hann um 220 manns sem telst mjög góð aðsókn.

### *Samstarf við Keili*

Verið er að skipuleggja sérsniðin námskeið fyrir hönnuði og arkitekta þar sem áhersla er lögð á að auka viðskiptaþekkingu hönnuða. Verið er að ákveða hvaða námskeið verða boði og hvenær, en þau verða t.d. framleiðsla, markaðssetning, útflutningur o.fl.

### *Ráðleggingar um útflutning*

Í samstarfi við Útflutningsráð er unnið að því að útbúa leiðbeiningar og gögn með ráðleggingum um útflutning og fyrirtækjarekstur en þau má nálgast á vefsíðu Hönnunarmiðstöðvar.

### *Sýningargluggi Hönnunarmiðstöðvar í Austurstræti*

Í mars verður opnað nýstárlegt gallerí á vegum Hönnunarmiðstöðvar. Það er í þrem gluggum í Austurstræti 16 (húsnæði Hönnunarmiðstöðvar) sem snúa að Austurstræti. Hönnuðir verða valdir til að sýna verk sín þar í 1-2 mánuði í senn. Verkefninu er ætlað að vekja athygli á gróskunni í íslenskri hönnun og lífga upp á miðborgina.

### *Feneyjatvíæringurinn í arkitektúr*

Hönnunarmiðstöð vinnur nú að því ásamt Arkitektafélagi Íslands og í samráði við menntamálaráðuneytið að tryggja að Ísland eigi fulltrúa á Feneyjatvíæringnum í arkitektúr. Næst verður hann árið 2010.

### *Árlegur tískuviðburður í Reykjavík*

Hönnunarmiðstöð mun hefja á því undirbúning, ásamt Félagi fatahönnuða og fleiri hagsmunaaðilum, að efna til árlegs tískuviðburðar í Reykjavík.

### *Undirbúningur útgáfu tímarits um hönnun og arkitektúr*

Hönnunarmiðstöð mun hefja undirbúning á útgáfu tímarit um hönnun og arkitektúr ásamt Arkitektafélagi nuða og fleiri hagsmunaaðilum,

## Yfirlitsmynd yfir verkefni 2008-2009



## Fjármál

# Uppgjör 2008 og áætlun 2009

Hér er fjárhagsuppgjör Hönnunarmiðstöðvar Íslands og áætlun fyrir árið 2009. Af þessu má sjá að fjármagn miðstöðvarinnar er afar takmarkað. Ekki lítur vel út með að afla fjármagns frá styrktaraðilum eða fyrirtækjum á þessu ári þannig að það þarf að tryggja aukið fjármagn til Hönnunarmiðstöðvarinnnar með öðrum hætti. Mikilvægt er að auka útflutning á íslenskri hönnun og samskipti erlendis en til þess að það geti orðið markvisst þarf að ráða starfsmann sérstaklega til að sinna því verkefni í fullu starfi. Ekki er óvarlegt að sú viðbót myndi kosta um 10.000.000 kr.

| **Tekjur** | **2008** | **2009** | |
|---|---|---|---|
| Framlag frá iðnaðarráðuneyti | 10.000.000 | 10.000.000 | |
| Framlag frá menntamálaráðuneyti | 10.000.000 | 10.000.000 | |
| Stofnfé frá félögum / 60.000 *9 | 540.000 | | |
| Styrkur frá menntamálaráðuneyti vegna Tallin | 200.000 | | |
| Styrkur frá iðnaðarráðuneyti vegna Tallin | 500.000 | | |
| Styrkur v/ 8+8 | 3.332.144 | | |
| Fært frá fyrra ári v/Hönnunardaga | | 2.856.698 | * |
| Áætlaðir styrktaraðilar Hönnunardaga | | 3.000.000 | |
| **Samtals:** | **24.572.144** | **25.856.698** | |

| **Gjöld** | **2008** | **2009** |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 12.092.956 | 15.941.698 |
| Kaffi, veitingar og fundarkostnaður | 60.000 | 100.000 |
| Annar starfsmannakostnaður | 38.886 | 50.000 |
| Verðlaun og styrkir | 615.000 | 0 |
| Kostnaður v/sýninga | 1.440.547 | 200.000 |
| 8+8 verkefni | 3.045.111 | 0 |
| Aðkeypt þjónusta án vsk. | 554.521 | 500.000 |
| Húsaleiga | 959.296 | 600.000 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 253.090 | 50.000 |
| Tryggingar | 24.507 | 25.000 |
| Aðkeyptur akstur | 39.060 | 60.000 |
| Símakostnaður | 151.769 | 200.000 |
| Burðargjöld | 109.788 | 150.000 |
| Pappír, ritföng og bækur | 113.116 | 130.000 |
| Rekstur tölvukerfis | 1.437.291 | 1.000.000 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 345.456 | 250.000 |
| Ferðakostnaður | 77.130 | 200.000 |
| Auglýsingar | 269.422 | 250.000 |
| Annar kostnaður | 88.500 | 150.000 |
| Hönnunardagar | | 6.000.000 |
| **Samtals:** | **21.715.446** | **25.856.698** |

| | | |
|---|---|---|
| **Niðurstaða rekstrar** | 2.856.698 | 0 |

* Afgangur frá 2008 v/jan-apríl 2008 þar sem starfsemin hófst ekki fyrr en 1. apríl. Stjórnin ákvað að geyma féð til að nýta í Hönnunardaga, sem haldnir verða í fyrsta sinn í mars 2009.

## Fylgiskjal 1

# Hlutverk Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Hönnunarmiðstöð Íslands er ætlað að auka skilning á mikilvægi góðrar hönnunar og arkitektúrs fyrir þjóðfélagið. Hlutverk hennar er að efla hvers kyns hönnun sem veigamikinn og styrkjandi þátt í íslensku atvinnulífi og auka þannig samkeppnishæfni og verðmætasköpun í íslensku efnahagslífi.

*Kynning*
Hönnunarmiðstöð er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir hönnun og arkitektúr á Íslandi.
Hönnunarmiðstöð leggur áherslu á að íslensk hönnun er mikilvægur hluti af menningu og ímynd lands og þjóðar.
Hönnunarmiðstöð vekur athygli erlendis á framúrskarandi íslenskri hönnun og leitast við að greiða fyrir markaðssetningu hennar.
Hönnunarmiðstöð auðveldar aðgengi að upplýsingum og heldur úti öflugum gagnabanka á vefnum fyrir hönnuði, arkitekta, fyrirtæki og áhugafólk um íslenska hönnun hérlendis og erlendis.

*Samstarf*
Hönnunarmiðstöð er í góðu samstarfi við þá aðila sem vinna að framgangi hönnunar á Íslandi, hún myndar tengsl á milli greina og hvetur til samstarfs og umræðu.

*Ráðgjöf*
Hönnunarmiðstöð veitir hönnuðum og fyrirtækjum ráðgjöf í tengslum við vöruþróun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning.
Hönnunarmiðstöð styður og aðstoðar fyrirtæki, svo sem sprota- og frumkvöðlafyrirtæki, sem hafa takmarkað fjármagn og þekkingu til að koma sér áfram.
Hönnunarmiðstöð veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf við hönnunartengd verkefni.

*Nýsköpun*
Hönnunarmiðstöð leiðir saman fagmenntaða hönnuði og fyrirtæki í nýsköpunar- og vöruþróunarverkefnum.
Hönnunarmiðstöð stuðlar að rannsóknarvinnu og hönnunartengdum verkefnum í samvinnu við háskóla og fyrirtæki.

*Viðburðir*
Hönnunarmiðstöð stendur fyrir viðburðum, sýningum og ráðstefnum sem skapa faglega umræðu og stuðla að menntun á sviði hönnunar.

Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags vöru- og iðnhönnuða, Félags íslenskra gullsmiða, Leirlistafélags Íslands, Félags húsgagna- og innanhússarkitekta, Félags íslenskra teiknara, Félags fatahönnuða, Textílfélagsins og Félags landslagsarkitekta og er rekin fyrir fjárframlög frá menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

## Fylgiskjal 2

# Greining á húsnæðisþörf Hönnunarmiðstöðvar

*Staðan*

Hönnunarmiðstöð Íslands leitaði snemma í vor til Reykjavíkurborgar vegna framtíðarhúsnæðis fyrir starfsemina. Þáverandi borgarstjóri Dagur B. Eggertson lagði til að aðstaða í Siemsenshúsi, sem Minjavernd er að gera upp og verður fundinn staður í Grófinni, beint á móti Listasafni Reykjavíkur, gæti hentað vel undir starfsemi sem þessa. Eftir umfjöllun í borgarráði var málinu vísað áfram til Minjaverndar sem tók vel í þessa málaleitan. Hjá Hönnunarmiðstöð erum við ánægð með þessar hugmyndir og teljum að húsið og staðurinn geti hentað mjög vel fyrir starfsemina. Erindi var sent til nýs borgarstjóra Ólafs F. Magnússonar í apríl og til allra borgarfulltrúa en ekki tókst að fá að koma á fund með þeim. Erindið var einnig sent Höfuðborgarstofu og höfum við átt góð samskipti við Svanhildi Konnráðsdóttur um málið. Eftir fund með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur var erindið sent áfram til Menningar- og ferðamálaráðs en við höfum ekki fengið ákveðin viðbrögð við því ennþá.

*Húsnæðisþörf Hönnunarmiðstöðvar Íslands*

Við teljum mikilvægt að rýmið sem Hönnunarmiðstöð fær til umráða verði bæði hentugt fyrir líflega starfsemi og nægilega stórt til að þar verði hægt að taka á móti litlum hópum. Þar geti farið fram minni háttar viðburðir og sýningar. Það er mikilvægt að Hönnunarmiðstöð verði öflugur vinnustaður þar sem starfsfólk geti sinnt hlutverki sínu með sóma og krafti.  Hönnunarmiðstöð þarf líka að vera mikilvægur staður að sækja heim fyrir hönnuði og áhugafólk um hönnun. Þar þarf að vera hægt að tryggja tengslamyndun milli hönnuða innbyrðis og við aðila úr atvinnulífi, framleiðendur, háskólafólk, námsmenn og síðast en ekki síst erlenda gesti.

*1. Skrifstofuaðstaða*

Í byrjun sinna tveir fastir starfsmenn verkefnum Hönnunarmiðstöðvar . Líklegt er að þegar starfsemin kemst í fastari skorður þurfi að auki rými fyrir 2-3 starfsmenn í hlutastarfi, fastráðna eða til tímabundinna verkefna.

*2. Aðstaða fyrir sérverkefni*

Verkefnaáætlun Hönnunarmiðstöðvar er í vinnslu. Í henni eru m.a. fastir viðburðir eins og hönnunardagar í Reykjavík í mars/apr., samstarfsverkefni hönnuða og atvinnulífs, tískuvika í Reykjavík í jan./feb., og margt fleira. Aðstöðu þarf fyrir þessi tímabundnu verkefni, mismikla eftir umfangi þeirra og eðli, en gera má ráð fyrir að hluti þeirra verði unninn á skrifstofu Hönnunarmiðstöðvar .

*3. Aðstaða til að taka á móti gestum og halda fámenna fyrirlestra*

Við teljum mikilvægt að geta tekið vel á móti minni hópum, svo sem blaðamönnum eða fagmönnum erlendis frá, nemum, hópum úr atvinnulífi, ráðamönnum eða öðrum þeim sem kynna þarf starf hönnuða og mikilvægi hönnunar á Íslandi. Hægt þarf að vera að taka á móti 20-25 manna hópum (ekki endilega í sæti) og auk þess þyrfti að hafa góðan vegg og skjávarpa þar sem sýna má stuttar kynningar á íslenskri hönnun. Þegar hefur komið í ljós að við þurfum mjög á slíkri aðstöðu að halda



*4. Sýningaraðstaða.*

Við teljum nauðsynlegt að hafa sýningaraðstöðu þar sem hönnuðum og arkitektum verður boðið að sýna nýja og framsækna íslenska hönnun. Þetta yrðu litlar sýningar sem stæðu yfir í stuttan tíma – og með frjálslegu formi. Þetta er áhugavert fyrir þá sem heimsækja Hönnunarmiðstöðina, ekki síst þá sem eru ekki hönnuðir sjálfir, svo sem blaðamenn, erlenda gesti og fólk úr ýmsum atvinnugreinum.

*5. Aðstaða fyrir ýmsa starfsemi sem tengist Hönnunarmiðstöð*

Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu níu félaga sem fæst hafa starfsmenn og fasta aðstöðu. Aðsetur þessara félaga er oftar en ekki í fyrirtækjum sem formenn þeirra starfa hjá, hvort sem það er eigin fyrirtæki eða ekki – og oft er tilviljun háð hversu mikil starfsemi fer fram hverju sinni.
Í nýju húsnæði Hönnunarmiðstöðvar gætu þessi félög fengið aðstöðu fyrir fundi og þeim gæfist þar tækifæri til að koma saman og hitta hönnuði úr öðrum félögum. Það mundi styrkja starf Hönnunarmiðstöðvar og efla tengsl og samgang milli hönnuðanna sjálfra.

Við sjáum fyrir okkur að nota megi húsnæðið fyrir fámenna fundi eða kynningar. Bjóða mætti upp á fyrirlestraraðir eða kynningar fyrir ýmsa hópa hönnuða og hafa minni háttar viðburði í húsnæði okkar. Stærri viðburðir og sýningar færu að sjálfsögðu fram annars staðar.

*6. Bóka- og tölvuhorn.*

Uppi eru hugmyndir um aðstöðu þar sem gestir geti tyllt sér og skoðað bækur, tímarit, bæklinga og annað efni. Upplýsingar yrðu þar um íslenska hönnuði, félög hönnuða, erlendar hönnunar-miðstöðvar og erlend félög hönnuða, ýmsa þjónustuaðila hönnuða svo sem íslenska framleiðendur o.s.frv.

Starfsemin sem lýst er í liðum 3-6 yrði í opnu, sveigjanlegu og fjölnota rými. Auk þess þarf að gera ráð fyrir snyrtingum, geymslu, ræstiherbergi og kaffistofu.

*Lokaorð*

Hönnunarmiðstöð Íslands er rekin fyrir framlag frá menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti en það fé hrekkur ekki fyrir meiru en leigu á herbergi eða mjög litlu húsnæði. Garðabær og Reykjanesbær hafa sýnt Hönnunarmiðstöð áhuga en skoðun okkar er sú að hún eigi hvergi betur heima en í miðborg Reykjavíkur.

Við teljum því mikilvægt að Hönnunarmiðstöð Íslands verði tryggt hentugt húsnæði á góðum stað í miðborg Reykjavíkur. Við förum þess á leit við borgarstjórn Reykjavíkur að gerður verði þjónustusamningur við Hönnunarmiðstöð Íslands þess efnis að Reykjavíkurborg standi straum af kostnaði sem Hönnunarmiðstöð þyrfti að greiða fyrir leigu á Siemsenshúsi eða öðru hentugu húsnæði.

Hönnun er vaxandi og virðisaukandi þáttur í íslensku atvinnulífi. Hún er sérstaklega mikilvæg fyrir þróun og uppbyggingu miðborgarinnar eins og sést á þeim fjölmörgu grasrótarfyrirtækjum sem hafa sprottið þar upp undanfarin ár. Við teljum að Hönnunarmiðstöð muni styrkja ásýnd miðborgarinnar og verða mikilvægur viðkomustaður fyrir mjög marga íslenska og erlenda gesti.

Virðingarfyllst,

*Halla Helgadóttir,*
framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

*Dennis Davíð Jóhannesson,*
fulltrúi Arkitektafélags Íslands í stjórn Hönnunarmiðstöðvar Íslands

## Fylgiskjal 3

# Dagskrárliðir Hönnunardaga mars 2009

Dagana 26. – 29. mars n.k. stendur Hönnunarmiðstöð fyrir Hönnunardögum. Þetta er í fyrsta sinn sem dagarnir eru haldnir með þessu sniði en stefnt er að því að gera þá að árlegum viðburði. Dagskrá daganna er enn í mótun en Hönnunarmiðstöðin og fagfélög hönnuða sem aðild eiga að Hönnunarmiðstöðinni standa fyrir margvíslegum viðburðum. Þar má nefna sýningar, innsetningar, útstillingar, opin hús og fyrirlestra.

### Hönnunarmiðstöð Íslands

Hönnunarverslanir opnar fram á kvöld | sérstakar sýningar
Sérstakir réttir á kaffi- og veitingastöðum
Hönnunarsýning
Opnunarhátið
Hönnunarverðlaun | hönnuður ársins
PechaKucha

### Innlendir og erlendir fyrirlesarar

(dagskrá hefur ekki verið staðfest)

### Arkitektafélagið

Leiðsögn um Reykjavík
Ratleikur og rýmisupplifanir
Opin hús á 3-4 arkitektastofum
Borg framtíðarinnar | klippimyndir við auðar lóðir í miðbæ
Baðmenning | Vatnavinir með innsetningu í miðbænum
Shift Architecture | innsetning í almenningsrými
Opin hús í nokkrum byggingum
Vaxtarbroddar | sýning á lokaverkefnum úr skólum erlendis
Módelsýning
Sýning arkitektanema í LHÍ
Útgáfa bókar Guju Daggar | arkitektúr í sjónhæð
Málþing um skipulagsmál og lýðheilsu

### Félag húsgagna- og innanhússarkitekta

Opin hús í innréttuðum rýmum | 14 staðir

### Félag íslenskra landslagsarkitekta

Innsetning við Norræna húsið
Innsetningarstofa og opið hús
Innsetningar nema frá Hvanneyri á opnum svæðum í miðbæ
Opnunarhátið við Norræna húsið

### Félag vöru- og iðnhönnuða

Hönnunarsirkus í Bankastræti - allir gluggar | úti á götu | sleðakeppni | matarhönnun

### Leirlistafélag Íslands
Sýning á duftkerum í Mosfellsbæ | tónleikar á laugardegi
Borðbúnaður á kaffi- og veitingahúsum í miðbæ og víðar

### Félag íslenskra gullsmiða
Samsýning

### Félag íslenskra teiknara
Sýning á gamalli og nýrri grafískri hönnun
Sýning á verðlaunatillögum FÍT

### Félag íslenskra fatahönnuða
Nordic Fashion Biennale
Stór sýning á íslenskri fatahönnun
Opnunarhátíð

### Textílfélagið
Minni sýningar
Kaffi Loki með uppákomur

# Fylgiskjal 4

## Kynningarefni Hönnunarmiðstöðvar

Athugið að allt kynningarefni er unnið bæði á íslensku og ensku.

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre



### Vordagar íslenskrar hönnunar

Með stofnun Hönnunarmiðstöðvar Íslands hefur langþráður draumur íslenskra hönnuða og arkitekta að lokum ræst en sameiginlegur samstarfsvettvangur hönnuða hefur verið í burðarliðnum í fjölmörg ár. Stofnun Hönnunarmið-stöðvar Íslands er hluti þeirrar grósku sem nú ríkir í hönnunarmálum á Íslandi.

Að mörgu leyti á hún rætur sínar að rekja til stofnunar Listaháskóla Íslands árið 1998 og nokkru síðar arkitektúr- og hönnunardeildar en þaðan hafa komið hönnuðir sem hafa fóstrast nær íslenskum veruleika en áður þekktist. Á þann hátt hefur íslensk hönnun verið að taka á sig skýrari mynd og skapa sér sérstöðu, því þótt hönnun eigi sér þó nokkra sögu í íslensku samfélagi þá er íslensk hönnunarmenntun nýtilkomin. Ísland á því fjölmarga unga og efnilega *íslenska* hönnuði sem hafa glætt hönnunarumhverfið nýju lífi sem einkennist nú af forvitni, bjartsýni og dirfsku. Eitt af meginmarkmiðum Hönnunar-miðstöðvar Íslands er einmitt að vinna að því að skapa íslenskri hönnun ímynd og sérstöðu, hlúa að nýsköpun og vera hvati til framfara í hönnunarmálum Íslendinga.

### Hönnunarmiðstöð Íslands

er ætlað að auka skilning á mikilvægi góðrar hönnunar og arkitektúrs fyrir þjóðfélagið. Hlutverk hennar er að efla hvers kyns hönnun sem veigamikinn og virðisaukandi þátt í íslensku atvinnulífi og þannig auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun í íslensku efnahagslífi.

**Kynning**
- Hönnunarmiðstöð er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir hönnun og arkitektúr á Íslandi.
- Hönnunarmiðstöð leggur áherslu á að íslensk hönnun er mikilvægur hluti af menningu og ímynd lands og þjóðar.
- Hönnunarmiðstöð vekur athygli á framúrskarandi íslenskri hönnun erlendis og leitast við að greiða fyrir markaðssetningu hennar.
- Hönnunarmiðstöð auðveldar aðgengi að upplýsingum og heldur úti öflugum gagnabanka á vefnum fyrir hönnuði, arkitekta, fyrirtæki og áhugafólk um íslenska hönnun hérlendis og erlendis.

**Samstarf**
- Hönnunarmiðstöð er í góðu samstarfi við þá aðila sem vinna að framgangi hönnunar á Íslandi, myndar tengsl á milli greina og hvetur til samstarfs og umræðu.

**Ráðgjöf**
- Hönnunarmiðstöð veitir hönnuðum og fyrirtækjum ráðgjöf í tengslum við vöruþróun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning.
- Hönnunarmiðstöð styður og aðstoðar fyrirtæki, svo sem sprota- og frumkvöðlafyrirtæki, sem hafa takmarkað fjármagn og þekkingu til að koma sér áfram.
- Hönnunarmiðstöð veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf við hönnunartengd verkefni.

**Nýsköpun**
- Hönnunarmiðstöð leiðir saman fagmenntaða hönnuði og fyrirtæki í nýsköpunar- og vöruþróunarverkefnum.
- Hönnunarmiðstöð stuðlar að aukinni rannsóknarvinnu og hönnunartengdum verkefnum í samvinnu við háskóla og fyrirtæki.

**Viðburðir**
- Hönnunarmiðstöð stendur fyrir viðburðum, sýningum og ráðstefnum sem skapa faglega umræðu og menntun á sviði hönnunar.

### Hönnun er auðlind

Margt bendir til þess að íslenskt atvinnulíf standi á krossgötum nýrra leiða og tækifæra. Hönnun er auðlind sem mikilvægt er að nýta. Þær þjóðir sem eru að ná mestum árangri, leggja aðaláherslu á hönnun í vöruþróun og markaðsetningu og telja góða hönnun eitt sterkasta vopnið í harðnandi samkeppni. Breskar rannsóknir staðfesta að kostnaður við hönnun í samanburði við aðra framleiðsluþætti er tiltölulega lítill, en af einstökum verkþáttum þá er hönnunin sá þáttur sem skilar mestri arðsemi.

Hérlendis er fjöldi vel menntaðra hönnuða og arkitekta, sem hafa stundað nám bæði hérlendis og erlendis. Það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag að nýta þekkingu, menntun og hæfileika þessa fólks okkur til framdráttar. Hönnun tengist allri atvinnustarfsemi, svo sem byggingariðnaði, framleiðsluiðnaði, sjávarútvegi, ferðamannaiðnaði, matvælaiðnaði, þjónustu og þekkingariðnaði. Hönnun nýtist ekki aðeins innlendri framleiðslu heldur er einnig hægt að flytja hana út í formi hugvits. Mikilvægi þess að auka hlutdeild hönnunar í íslensku atvinnulífi er því augljós.

### Hönnunarmiðstöð Íslands

er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textílfélagsins, Félags íslenskra gullsmiða og Félags íslenskra teiknara.

**Hönnunarmiðstöð Íslands** er rekin fyrir fjárframlög frá menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

**Merki Hönnunarmiðstöðvar**
vísar í alþjóðlegt tákn fyrir áhugaverðan stað um leið og það myndar H upphafsstaf Hönnunarmiðstöðvar og I upphafsstaf Iceland Design Centre. Slaufan vísar í gróskumikið samstarf Hönnunariðstöðvar við þá aðila sem vinna að framgangi hönnunar á Íslandi og erlendis, auk þess að vera tengiliður hönnuða í milli og milli atvinnulífs og hönnuða.
Oscar Bjarnason er hönnuður merkisins.

**Hönnunarmiðstöð Íslands** | Austurstræti 16a 101 Reykjavík | Pósthólf 590 | 121 Reykjavík | honnunarmidstod.is | info@honnunarmidstod.is | 7712200












## Fylgiskjal 5

# Fréttabréf Hönnunarmiðstöðvar

Júní - desember 2008

### Fréttabréf | júní




### Fréttabréf | júlí



## Fréttabréf | ágúst




## Fréttabréf | september



# Fréttabréf | október

**FRÉTTABRÉF HÖNNUNARMIÐSTÖÐVAR**

NÝTT MERKI HÖNNUNARMIÐSTÖÐVAR OG UMRÆÐUR UM MERKJAHÖNNUN

**Oscar Bjarnason höfundur vinningsmerkisins** í merkjasamkeppni Hönnunarmiðstöðvar tók við verðlaunum úr hendi verndara Hönnunarmiðstöðvar, Dorrit Moussaieff, forsetafrúar, við fjölmenna og skemmtilega athöfn í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi í gær, 2. október 2008.

**Laugardaginn 4. október kl. 14 verða stuttir fyrirlestrar og umræður um hönnun merkja, mörkun, endurmörkun og nöfn fyrirtækja á vegum FÍT félags íslenskra teiknara og Hönnunarmiðstöðvarinnar í fjölnotasal Hafnarhúss.** Fyrirlesarar eru Halldóra Ísleifsdóttir, fagstjóri í grafískri hönnun við LHÍ, Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri NOVA, Jón Ari Helgason, grafískur hönnuður, Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í grafískri hönnun við LHÍ og Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur.

Síðasti sýningardagur á innsendum tillögum í merkjasamkeppnina er nk. sunnudagur 5. október 2008.

SÍÐASTA SÝNINGARHELGI

Sýningu á verkum 8 alþjóðlegra hönnuða og 8 hafnfirskra iðnfyrirtækja í sýningarsalnum Dverg, Lækjargötu 2, Hafnarfirði, lýkur nú um helgina. **Síðasta sýningardag, sunnudaginn 5. október, verða fulltrúar fyrirtækjanna og hönnuðirnir með leiðsögn um sýninguna kl. 15-16.** Verkefnið sýnir fram á þá óþrjótandi möguleika sem felast í samstarfi hönnuða við fyrirtæki. Sýningin er opin virka daga frá kl. 14-19 og um helgar frá kl. 12-17 til 5. október 2008.

MADE IN HAFNARFJÖRÐUR



VINNUSTOFUR Í SJÓNLISTAMIÐSTÖÐINNI Á KORPÚLFSSTÖÐUM

[illegible]

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu SÍM, http://sim.is/Index/Islenska/Vagnstj/Vinnustofur/SIM/ Einnig er hægt að fá umsóknareyðublaðið sent með pósti.

Umsóknarfrestur er til **15. október 2008.**

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre



RÁÐSTEFNA UM SAMVINNU HÖNNUÐA OG FYRIRTÆKJA í tilefni af upphafi verkefnisins FRÁ HÖNNUN TIL ÚTFLUTNINGS

**Hollenski Bugaboo hönnuðurinn Max Barenbrug á Nordica.**

Útflutningsráð Íslands og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir ráðstefnu á Hilton Nordica **miðvikudaginn 15. október kl. 13-17**, þar sem m.a. hollenski hönnuðurinn Max Barenbrug mun halda fyrirlestur.



**Max Barenbrug og Bugaboo barnakerran**
Max Barenbrug er þekktastur fyrir að hafa hannað Bugaboo barnakerruna sem nú er ein mest selda barnakerra í heimi og úr varð milljarða evra fyrirtæki þar sem kerran er táknmynd hins nútímalega karlmanns og stöðutákn nútímaforeldra. Fyrirtækið hefur verið markaðsráðandi í heiminum síðustu átta ár. Sjá nánar á www.bugaboo.com

**Útflutningsráð styrkir fyrirtæki til að ráða hönnuði**
[illegible]

**Styrkþegar kynntir**
[illegible]

**Frítt á ráðstefnuna**
Frítt er á ráðstefnuna en þátttakendur eru beðnir um að skrá sig í síma 511 4000 eða á greta@utflutningsrad.is

Nánari upplýsingar gefur Ásgerður Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði í síma 824 4376 eða asgerdur@utflutningsrad.is

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

**hönnun í útflutning**

HÖNNUN Í ÚTFLUTNING - AUGLÝST ER EFTIR HÖNNUÐUM

Útflutningsráð Íslands og Hönnunarmiðstöð auglýsa eftir hönnuðum til að koma með tillögur í vöruþróunarverkefni. Markmið verkefnisins er að leiða saman fyrirtæki og hönnuði til að hanna og framleiða nýja vöru til útflutnings. Búið er að velja 7 fyrirtæki til að taka þátt í verkefninu, en hvert fyrirtæki fær styrk sem nemur 550 þús. frá Útflutningsráði til að setja í hönnunarvinnuna en fyrirtækin leggja jafnháa upphæð á móti. Þau eru **Villimey, Fossadalur, Glófi, J&S Gull, Flúrlamper, Saga Medica og Intelscan.** Hver hönnuður eða hönnunarteymi getur sent inn tillögur eða hugmyndir að verkefni til tveggja fyrirtækja. Tillögum skal skilað í lokuðu umslagi merktu dulnefni til Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Aðalstræti 10, 101 Reykjavík, **fyrir kl. 17.00, föstudaginn 5. desember 2008.** >nánar

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre



IÐNÓ | fimmtudagur 20. nóvember | kl: 16–18

# Hönnum framtíðina!

*Ráðstefna um hönnun og nýsköpun*

Hvernig er hægt að sinna nýsköpun í hönnun og látið hana verða leiðandi afl í uppbyggingu þjóðfélagsins?

**Fyrirlesarar og erindi**

**Sverrir Björnsson**, Hvíta húsið
Ekki torfkofann aftur – takk!

**Sigga Heimis**, hönnuður
Notum sköpunarkraftinn á óvissutímum

**Steinunn Guðmundsdóttir**, arkitekt
Finnska leiðin, hver var hún?

**Andri Snær Magnason**, rithöfundur
Að hanna sér leið gegnum skóginn

**Katrín Ólafsdóttir**, hagfræðingur
Hvaðan kemur hagvöxturinn?

**Dóra Ísleifsdóttir**, fagstjóri í grafískri hönnun við LHÍ
Hugrekki og framtíðarsýn

**Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson**
Þjóðhagslegur ávinningur hönnunar

http://www.honnunarmidstod.is/forsida/

**Fundarstjóri**, Gunnar Hilmarsson, formaður stjórnar Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Almennar umræður

Allir velkomnir!

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Aðalstræti 10 | 101 Reykjavík | honnunarmidstod.is

